

## REGLUGERÐ

### um (15.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. viðauka reglugerðarinnar:

- Við 27. tölulið bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
  - ósamþættar spólur í segulómtæki þar sem samræmisyfirlýsing gerðarinnar er gefin út í fyrsta sinn fyrir 23. september 2022 eða
  - segulómtæki með samþættum spólum, sem eru notaðar í segulsviði innan kúlurýmris með 1 m geisla í kringum segulmiðju í læknisfræðilegum segulómtækjum, þar sem samræmisyfirlýsing er gefin út í fyrsta sinn fyrir 30. júní 2024. Fellur úr gildi 30. júní 2027.
- Við bætist einn nýr töluliður svohljóðandi:
  - Bly í ofurleiðarakapla og -víra úr bismútstrontíumkalsíumkoparoxíði og bly í raftengi þeirra. Fellur úr gildi 30. júní 2027.

#### 2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

- Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1631 frá 12. maí 2022 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu vegna notkunar á bly í ofurleiðarakapla og -víra úr bismútstrontíumkalsíumkoparoxíði og bly í raftengi þeirra, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2022 frá 9. desember 2022.
- Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1632 frá 12. maí 2022 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun blýs í tiltekin segulómtæki, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2022 frá 9. desember 2022.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 26. maí 2023.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*